

Mennta- og menningarmálaráðherra
Illugi Gunnarsson
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík 27. ágúst 2015

1403035SA GB/KB/DBE

Málalykill: 096

Efni: Tillaga að lausn á bráðum fjárhagsvanda tónlistarskóla í Reykjavík

Lausn á bráðavanda

Vísað er til funda sem borgarstjórinn í Reykjavík og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa átt síðustu daga með mennta- og menningarmálaráðherra vegna ofangreinds máls.

Á þeim fundum hefur legið til grundvallar tillaga í 12 liðum um lausn á bráðavanda tónlistarskóla í Reykjavík, sem er afrakstur viðræðna sem fulltrúar borgarinnar og sambandsins áttu með stjórn Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR) á vormánuðum. Mennta- og menningarmálaráðuneytið átti aðkomu að þeim viðræðum en inntak þeirra var einnig kynnt fyrir fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og efnahags- og fjármálaráðuneytisins á sérstökum fundum í maí og júní.

Með hliðsjón af fyrrgreindri tillögu óskuðu mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga eftir því við allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í maí sl. að nefndin flytti frumvarp á Alþingi, sem nefndin gerði, sbr. lög nr. 72/2015 um breytingar á ýmsum lögum vegna samkomulags milli ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms.

Með lagasetningunni á vorþingi er búið að uppfylla eina af forsendum fyrrgreindrar tillögu, sem er að afla lagaheimildar til að veita 30 m.kr. til lausnar á bráðavanda tónlistarskóla. Jafnhliða var aflað lagaheimildar til þess að innheimta hjá sveitarfélögum hlutdeild þeirra í verkefnum sem þau tóku tímabundið að sér f.h. ríkisins í tengslum við samkomulagið frá 2011 um eflingu tónlistarkennslu og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms. Sú heimild gildir þó aðeins til loka þessa árs.

Drög að viðaukasamkomulagi voru rædd á fundum með fulltrúum ráðuneyta í maí og júní og var það skilningur allra sem sátu þá fundi að heimildar yrði aflað af hálfu ráðuneyta nú í sumar til þess að ganga frá viðaukasamkomulagi sem myndi gilda til loka þessa árs, með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnarinnar. Skýrt hefur legið fyrir á öllum stigum að aðkoma borgarinnar að lausn málsins væri bundin því skilyrði að ríkið kæmi einnig að lausn málsins.

Til að greiða fyrir frágangi minnisblaðs til ríkisstjórnar um málið sendi Reykjavíkurborg ráðuneytunum meðfylgjandi minnisblað ásamt áðurnefndri tillögu í 12 liðum. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að borgin greiði 90 m.kr. á



Þessu ári til tónlistarskólanna, á móti 60 m.kr. frá ríki, auk þess sem 30 m.kr. yrði ráðstafað á grundvelli heimildar sem aflað var í lögum nr. 72/2015.

Nánar um forsendur samkomulagsins 2011

Eins og rakið er í minnisblaði sambandsins frá 20. desember 2011, sem lagt var fram til umfjöllunar í Jónsmessunefnd, miðaðist samkomulag ríkis og sveitarfélaga við útreikninga sem aðilar fóru sameiginlega yfir áður en samkomulagið var undirritað. Var gert ráð fyrir því að þær 480 m.kr., sem ríkissjóður greiddi sveitarfélögum upphaflega á grundvelli samkomulagsins, myndu nægja til þess að standa undir greiðslu kennslukostnaðar á framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik og miðstigi í söng. Var við útreikningana miðað við að fjöldi nemenda í tónlistarskólum á skólaárinu 2009-2010 á umræddum námsstigum yrði sem næst óbreyttur og að ákveðin yrði viðmiðunarfjárhæð sem næmi áætluðum meðalkennslukostnaði pr. nemanda og yrði hún greidd til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Skráðir nemendur voru þá 711.

Strax á fyrsta árinu kom í ljós að nemendur væru umtalsvert fleiri eða 822. Vegna þessa neyddist Jöfnunarsjóður sveitarfélaga til þess að lækka viðmiðunarfjárhæðina umtalsvert eða nálægt 12% miðað við upphaflegar forsendur. Enn frekari fjölgun nemenda varð á skólaárinu 2012-2013 en síðan hefur nemendafjöldi haldist að mestu stöðugur. Viðmiðunarfjárhæðir jöfnunarsjóðs hafa þó haldið áfram að rýrna að raungildi.

Kjarasamningar sem sambandið gerði við Félag tónlistarkennara á árinu reyndust einnig umtalsvert dýrari en gera mátti ráð fyrir. Í sumum skólum mun launakostnaður hafa hækkað um allt að 20% vegna samninganna, mest í Reykjavík. Það var mat bæði ríkis og sveitarfélaga við gerð samkomulagsins að eitthvert svigrúm myndi verða innan 480 m.kr. framlags ríkisins til þess að mæta áhrifum kjarasamninga en ljóst er þó að ekki var gert ráð fyrir svo miklum kostnaðarauka af þeirra völdum.

Ágreiningslaust er að þessir tveir samverkandi þættir leiddu strax til þess að framlag ríkisins er fjarri því að standa undir raunkostnaði við þá tónlistarkennslu sem ríkið tók að sér að fjármagna. Þótt ríkið ákvæði einhliða í ársbyrjun 2012 að bæta 40 m.kr. við sitt framlag, þannig að það yrði 520 m.kr. í stað 480 m.kr. hefur sú breyting lítið að segja þegar horft er til frekari verðlags- og launabreytinga sem orðið hafa á þeim fjórum árum sem liðin eru síðan samkomulagið var gert. Í þeirri ákvörðun ríkisins fólst hins vegar ákveðin viðurkenning á ábyrgð ríkisins varðandi fjármögnun þess kennslukostnaðar sem samkomulagið náði til og þeim útreikningum sem lágu til grundvallar upphaflegri fjárhæð. Upphaflegt samkomulag var gert til tveggja ára en ríkið hefur ekki enn fengist til formlegra viðræðna til að ræða endurskoðun á forsendum þess.

Í minnisblaði, dags. 12. maí 2011, sem lagt var fyrir stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir um ábyrgð á framkvæmd samkomulagsins og forsendur þess:



„Kostnaðarábyrgð skv. samkomulaginu er skýr. Sveitarfélögin hafa þannig enga skyldu skv. samkomulaginu til að leggja fram fjármagn til að mæta hugsanlegri kostnaðaraukningu, hvort sem er vegna aukinnar eftirspurnar eftir tónlistarnámi sem fellur undir samkomulagið eða kjarasamningshækkana. Ef ekki kemur til aukið fjármagn frá ríkinu til að mæta slíkum breytingum ætti því frekar að horfa til þess að innrita færri nemendur þannig að framlag ríkisins nægi fyrir öllum útgjöldum. Í umræðum á fundinum [með fulltrúum ráðuneyta 12. maí 2011, þ.e. degi fyrir undirritun samkomulagsins] kom fram að það er mat beggja aðila að heildarrámi samkomulagsins sé fremur rúmur og því standa vonir til þess að þrátt fyrir fyrirsjáanlegar breytingar á kjarasamningum þurfi ekki að koma til þess að ramminn springi.

[...] Ljóst er að hvorki ríki né sveitarfélög hafa náð sínu ýtrasta fram í þessum viðræðum. Spurningin er því aðeins sú hvort niðurstaðan sé ásættanleg og því verði hægt að undirrita samkomulagið.“

Það er álit sambandsins og borgarinnar að vegna forsendubrests eigi sveitarfélögin réttmæta kröfu á ríkið komi að lausn þess vanda sem hér hefur verið lýst, sbr. 5. gr. samkomulags frá 5. október 2011 um tímabundna breytingu á verkaskiptum, en þar segir:

„Gefist tilefni til þess að fara yfir framkvæmd einstakra ákvæða samkomulagsins vegna atriða sem ófyrirséð voru við gerð þess, lýsa aðilar sig reiðubúna að ganga til viðræðna þar um og eftir atvikum endurskoða það fyrirkomulag, sem ákvæðið gerir ráð fyrir.“

Lokaorð

Við undirritun samkomulags um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnáms kom fram skýr afstaða af hálfu beggja samningsaðila um að samkomulagið markaði tímamót og að með gerð þess væri ætlunin að ljúka því þrátefli sem alltof lengi hafði verið í viðræðum um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Einnig kemur skýrt fram í texta samkomulagsins að báðir aðilar stefndu að framlengingu þess og áttu viðræður um endurskoðun samkomulagsins að hefjast í síðasta lagi 1. júní 2012.

Sú staða sem uppi er í málinu setur rekstur tónlistarskóla og framtíð tónlistarmenntunar í mikla óvissu. Einnig er ljóst að fórnarkostnaður verður mjög hár ef ekkert verður að gert, því líkur eru á því að sumir af virtustu tónlistarskólum landsins hætti starfsemi eða dragi stórkostlega úr starfsemi sinni. Er ljóst að ekki var stefnt að þeirri niðurstöðu með gerð samkomulagsins, eins og heiti þess ber ótvírætt með sér.

Þörf er á því að áréttu að ekkert samkomulag hefur verið í gildi frá árslokum 2014 á milli ríkis og sveitarfélaga um málefni tónlistarskóla eða breytta verkaskiptingu þessara aðila. Slík staða er að sjálfsögðu með öllu óviðunandi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þarf m.a. að huga sérstaklega að því við gerð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2016 hvernig þau verkefni ríkisins, sem




hafa á undanförunum árum verið fjármögnuð tímabundið af sveitarfélögum vegna samkomulagsins, verði fjármögnuð á því ári.

Sambandið og Reykjavíkurborg ítreka hér með tilboð sitt um aðkomu á lausn á bráðavanda tónlistarskólanna með 120 m.kr. framlagi á þessu ári gegn 60 m.kr. framlagi ríkisins, í samræmi við niðurstöðu viðræðna sl. vor.

Óumdeilt er að þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar samningi aðila árið 2011 reyndust rangar. Þegar ríki og sveitarfélög gera samninga og forsendur þeirra bresta þá bera báðir aðilar ábyrgð á því. Það er því óeðlilegt og ósanngjarnt að einungis sveitarfélögin, og þar með tónlistarskólarnir og nemendur þeirra, beri skaðann í þessu máli án aðkomu og ábyrgðar ríkisins. Það er fullkomlega eðlileg krafa af hálfu sambandsins og Reykjavíkurborgar að ríkið komi að lausn þessa máls á grundvelli framangreinds. Hér er um mikilvægt mál í fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga sem getur markað þáttaskil um framtíðarsamskiptin, þótt ekki sé deilt um háar fjárhæðir í þessu tilviki.

Að síðustu er hér kallað eftir því að formleg niðurstaða og viðbrögð við þessu erindi berist frá ráðuneytunum eins fljótt og auðið er, enda er þrýst á það frá tónlistarskólum að lausn á þeirra alvarlega vanda finnist sem fyrst. Starfsemi þeirra er í algjöru uppnámi og úr því verður að bæta í samvinnu ríkis og sveitarfélaga sem allra fyrst. Ef framangreind lausn nær ekki fram að ganga er veruleg hætta á því að einhverjir skólana fari í þrot, með hörmulegum afleiðingum fyrir nemendur þeirra skóla.

Virðingarfyllt


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga


Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Afrit:
Efnahags- og fjármálaráðherra
Innanríkisráðherra
Velferðarráðherra
Jónsmessunefnd

Fylgiskjöl:
Minnisblað Reykjavíkurborgar dags. 15. júní 2015



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 15. 06. 2015

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Sendandi: Ragnar Þorsteinsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar f.h. Reykjavíkurborgar

Efni: Aðkoma Reykjavíkurborgar og ríkisins vegna vanda tónlistarskóla.

Vandi tónlistarskóla í Reykjavík sem kenna nemendum úr öllum sveitarfélögum á hæstu stigum tónlistarnáms er verulegur. Aðkoma ríkis og borgar að lausn málsins er nauðsynleg enda skýrist þessi vandi að mörgu leyti af þeim ágöllum sem voru á samkomulagi sem undirritað var árið 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðu nemenda til tónlistarnáms.

Af hálfu allra þeirra sem aðkomu eiga að málinu hefur verið lögð áhersla á að í lok næsta skólaárs hafi stjórnvöld ríkis og sveitarfélaga sammælt um skýrar línur um framhaldið og að ekki verði um frekari framlengingu á samkomulaginu frá 2011 að ræða.

Í yfirliti í meðfylgjandi fylgiskjali er að finna þau skref sem rædd hafa verið um aðkomu annars vegar Reykjavíkurborgar og hins vegar ríkisins vegna vandans og er þessum aðgerðum ætlað að gera skólum sem eru í vanda vegna þessa máls kleift að sinna verkefnum sínum næsta skólaár. Mikilvægt er að staðfesting liggja fyrir af hálfu ríkistjórnar á aðkomu að samkomulagi vegna greiðsluvanda tónlistarskólanna.

Reykjavíkurborg skilyrðir sín framlög á þann veg að þeir skólar sem að samkomulaginu ganga fresti mögulegum málaferlum vegna málsins á meðan á útgreiðslum stendur. Jafnframt gerir borgin fyrirvara um að fjárheimildir verði samþykktar af borgarstjórn.

Framlög ríkisins eru einnig skilyrt um að fjárheimildir fái á fjárákaldögum fyrir árið 2015. Þá er liður 3 háður lagabreytingu af hálfu Alþingis, sbr. nefndarfrumvarp allsherjar- og menntamálanefndar á þingskjali 1407 – 791. máli.

Fylgiskjal með minnisblaði dags. 15.06.2015

Tillaga að lausn á vanda tónlistarskóla

Eftirfarandi tillaga er afrakstur samráðs milli Reykjavíkurborgar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Samtök tónlistarskóla í Reykjavík (STÍR) með fyrirvara um samþykki borgarráðs, ríkisstjórnar Íslands og Alþingis, eftir því sem við á.

Fáist ekki heimild fyrir einhverjum af þeim framlögum sem hér eru tilgreind falla niður þau framlög sem á eftir þeim koma og verði þá tafarlaust teknar upp viðræður allra aðila.

1. Tónlistarskólar falla frá málshöfðun og kröfum gagnvart Reykjavíkurborg á meðan aðilar freista þess að leysa málin með samkomulagi.
2. Reykjavíkurborg leggur tónlistarskólum í Reykjavík til **30 mkr** aukaframlag á vorönn 2015. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar.
3. Ríki leggur tónlistarskólum til **30 mkr** í aukaframlag á vorönn 2015. (sjá frumvarp til laga þingskjal 1407 – 791. mál)
4. Jöfnunarsjóður breytir reglum sínum með gildistöku frá og með haustönn 2015 með það fyrir augum að færa fyrirkomulag fjárframlaga vegna nemenda á miðstigi í söngnámi og framhaldsstigi í söng og hljóðfæraleik að því sem tíðkast hjá framhaldsskólum ríkisins. Framlög miðist við fjárveitingar fyrra árs og haldist óbreytt þótt nemendum fækki og kennslumagn lækki um allt að 10%.
5. Gerð verði rekstrarúttekt á tónlistarskólum í Reykjavík af óháðum fagaðila til að meta rekstrarhæfi þeirra. Vinna við þetta hefjist þegar í sumar. Tónlistarskólar sem ekki standast kröfur um rekstrarhæfi geta ekki vænst frekari fjárstuðnings miðað við óbreytt rekstrarfyrirkomulag. Reykjavíkurborg mun bjóða fram fjármála- og rekstrarráðgjöf ef þess er óskað.
6. Reykjavíkurborg leggi tónlistarskólum í Reykjavík til allt að **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015 að frádreginni fyrirframgreiðslu sem tónlistarskólarnir hafa þegar fengið á árinu. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar.
7. Reykjavíkurborg leggi tónlistarskólum í Reykjavík til allt að **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015. Þetta aukaframlag er háð samþykki borgarstjórnar (fjármagnað í tengslum við uppgjör grunnnámssamninga).
8. Ríki/JS leggur fram **30 mkr** aukaframlag á haustönn 2015. Þetta aukaframlag er háð samþykki á aukafjárlögum.
9. Ríki/JS leggi tónlistarskólum til **30 mkr** í aukaframlag á haustönn 2015. Þetta aukaframlag er háð samþykki á aukafjárlögum.

10. Ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga setji niður með Samtökum tónlistarskóla í Reykjavík samstarfs- og viðræðuáætlun um framtíðarskipan tónlistarkennslu í borginni sem skili tillögum fyrir 1. febrúar 2016.
11. Ríki og Reykjavíkurborg eru tilbúin að skoða að áður nefndar breytingar á framlögum til tónlistarskóla í liðum 2 og 3 taki til alls skólaársins 2015-2016. Gera verður fyrirvara á þessum lið gagnvart fjárlögum og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna 2016.
12. Niðurstaða sbr. ofangreint gildir til eins árs, þ.e. 1. júní 2015 til 1. júní 2016.

Verði niðurstaða málshöfðunar tónlistarskóla á hendur Reykjavíkurborg tónlistarskólunum í vil, vegna fjáframlaga Reykjavíkurborgar til tónlistarskólanna, þá munu öll aukaframlög, lán eða aðrar fyrirgreiðslur af hálfu borgarinnar og ríkisins, vegna kennslu- og stjórnunarkostnaðar, koma til frádráttar þeim kröfum og verða hluti af allsherjaruppgjöri.

Reykjavík 15.júní 2015